

20. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 20. nóvember 2019 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Engar athugasemdir voru gerðar.

Oddviti kom mið tillögu að dagskrárbreytingu, að inn komi þrjár (3) nýir dagskrárliðir, 1.12, 6.6 og 6.7. Tillagan samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. 185. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-107 og 19-108.

Mál nr. 1; Steinás L176490; Byggingarreitir skilgreindir; Deiliskipulag – 1905018.

Nanna Maja Norðdahl leggur fram umsókn og tillögu að deiliskipulagi dags. 27. september 2019, fyrir jörðina Steinás í Ásahreppi. Um er ræða 4,2 ha spildu með tveimur byggingareitum. Á reit R1 verður heimilt að byggja íbúðarhús, skemmu, gróðurhús og gestahús, samtals allt að 700m². Á reit R2 verður heimilt að byggja 4 gestahús allt að 45m² að stærð hvert um sig. Aðkoma að svæðinu er um Ásveg (nr. 275)

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna og mælist til að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óska skal eftir umsögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands.

Mál nr. 2; Jarðstrengslögn í Ásahreppi, Svæðiskerfi raforku á Suðurlandi Aðalskipulagsbreyting – 1805012.

Lögð er fram, að lokinni auglýsingu samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, Selfosslína 2, Lækjartúnslína 2 og tengivirki í landi Lækjartúns 2. Breytingin felur í sér að sett er inn allt að 3 ha iðnaðarsvæði fyrir tengivirki í landi Lækjartúns ásamt tengingu við Suðurlandsveg. Einnig er Selfosslína 2 felld út og gert ráð fyrir jarðstreng í hennar stað. Lagnaleið innan Ásahrepps er um 10 km löng.

Tillagan var auglýst frá 11. september til 23. október 2019 með athugasemdafresti til og með 23. október 2019. Engar athugasemdir bárust.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir tillöguna, greinargerð og uppdætti dagsetta 29. mars 2019 og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna til afgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 42; Sultartangavirkjun L191624; Deiliskipulag – 1907031.

Lögð er fram umsókn Axels Vals Bjarnasonar, dag. 3. júlí 2019, fyrir hönd Landsvirkjunar, vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir Sultartangavirkjun.

Þá er og lögð fram skipulagslýsing dags. 25. september 2019, í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem gerir grein fyrir deiliskipulagi Sultartangavirkjunar L191624 og svæði tengd henni. Deiliskipulagið mun ná til þriggja sveitarfélaga, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárfings ytra.

Deiliskipulagið tekur til Sultartangastöðvar og mannvirkja hennar. Stöðin var

tekin í notkun árið 1999 og nýtir vatn Tungnaár og Þjórsár sem sameinast í Sultartangalóni, sem er miðlunarlón stöðvarinnar.

Sultartangalón var myndað með 6,1 km langri stíflu skammt ofan ármóta Þjórsár og Tungnaár. Mesta hæð stíflunnar er 22 m. Úr Sultartangalóni er vatni veitt um 3,4 km löng aðrennslisgöng í gegnum Sandafell, að jöfnunarþró suðvestan í fellinu. Við enda þróarinnar er inntak og þaðan liggja tvær stálpípur að hverflum í stöðvarhúsinu. Frá Sultartangastöð liggur um sjö km langur frárennslisskurður sem veitir vatninu aftur í farveg Þjórsár, skammt fyrir ofan Ísakot. Yfirfall Sultartangalóns er austast í stíflunni og fer í farveg Tungnaár. Núverandi virkjunarleyfi er fyrir virkjun með uppsettu afl 125 MW. Landsvirkjun vinnur að umsókn um breytingu á virkjunarleyfi til Orkustofnunar þannig að virkjunarleyfið verði fyrir uppsett afl allt að 133 MW. Umsóknin byggir á úrskurði Skipulagsstofnunar frá apríl 2019 um að aflaukning Sultartangastöðvar um allt að 8 MW væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Tengivirki Landsnets er vestan stöðvarhússins. Þangað liggja nokkrar háspennulínur frá Hrauneyjafoss- og Sigöldustöðvum. Frá tengivirkinu liggja háspennulínur í Búrfellsstöð og tengivirki við Brennimeil.

Aðkoma að Sultartangastöð er af Þjórsárdalsvegi nr. 32 og um núverandi aðkomuveg af honum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu dagsetta 25. september 2019. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og kynna lýsingu almenningi skv. sömu grein skipulagslaga. Tillagan verður einnig send sveitarstjórn Rangárþings ytra til kynningar

Mál nr. 44; Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa 19-107 og 19-108 lagðar fram til kynningar.

1.2. 186. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-109.

Mál nr. 1; Hellatún lóð C L201666; Sandás; Breytt heiti lóðar – 1911005.

Hugrún Fjóra Hannesdóttir leggur fram umsókn um breytingu á heiti lóðar. Lóðin er skráð í Þjóðskrá sem Hellatún lóð C L201666.

Óskað er eftir að lóðin fái heitið Sandás, og er vísað til þess, að á svæðinu er kennileitið Sandhóll og sandsteinn er þekktur á svæðinu.

Þá er Laufás heiti á lóð við hlið umræddrar lóðar.

Skipulagsnefnd UTU bendir á að samkvæmt nýlega samþykktu deiliskipulagi "Hellatúns 1 Landnr. 165286, íbúðar- og landbúnaðarlóðir" hefur lóðin Hellatún lóð C L201666 heitið Laufásvegur 3.

Hreppsnefnd Ásahrepps synjar beiðni um nafnið Sandás, þar sem það er í ósamræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Til þess að hægt sé að breyta um nafn lóðarinnar þarf að breyta aðalskipulagi og deiliskipulagi svæðisins, í samræmi við gildandi reglugerð 577/2017.

Mál nr. 20; Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa, 19-108, lagðar fram til kynningar.

1.3. 20. fundur stjórnar Odda bs.

Varðandi dagskrárlið 2; Rekstraráætlun 2020 – Oddi bs – 1909072.

Rekstraráætlunin gerir ráð fyrir að gjaldskrá Odda bs. hækki einungis um 2,5% sem er í takt við tilmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga um lífskjarasamninga

og er undir verðlagsbreytingum. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna Odda bs verði 963.282.000 kr. sem skiptist þannig að hlutur Rangárþings ytra verður 820.972.189 og hlutur Ásahrepps 142.309.811. Áætlunin miðar við fjölda grunn- og leikskólabarna þann 1. október 2019 sem er 203 grunnskólabörn og 102 leikskólabörn sem telja 126,7 barngildi. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Odda bs fyrir árið 2020, fyrir sitt leyti, og vísar henni til frekari úrvinnslu við gerð fjárhagsáætlunar Ásahrepps 2020.

- 1.4. 7. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.
Varðandi dagskrárlið 2; Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2019 – 1911011.
Lögð fram tillaga að viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2019. Reiknað er með að tekjur verða meiri en áætlað var af vatnsgjaldi og rekstrarkostnaður verði meiri en áætlað var vegna bilana og þurrka. Viðaukinn gerir ráð fyrir að fjárfesting lækki úr 90 milljónum í 70 milljónir á árinu 2019 vegna seinkunar framkvæmda. Samtals áhrif á rekstur kr. 5.342.000 til hækkunar. Samtals áhrif á rekstur og fjárfestingu kr. 14.658.000 til lækkunar.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2019 fyrir sitt leyti.

Varðandi dagskrárlið 3; Fjárhagsáætlun Vatnsveitu 2020 – 1911010.
Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2020. Tillagan gerir ráð fyrir að tekjur verði 92 mkr, rekstrarkostnaður 64,1 mkr, fjármagnsgjöld 6,7 mkr og rekstrarniðurstaða 21,2 mkr. Fjárfesting ársins verði 120 mkr. Gert er ráð fyrir lántöku að upphæð 110 mkr á árinu 2020.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun, fyrir sitt leyti, og vísar henni til frekari úrvinnslu við gerð fjárhagsáætlunar Ásahrepps 2020.

- 1.5. 207. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
Varðandi dagskrárlið 2; Gjaldskrá Sorpstöð 2020 – 1911019.
Vísað til afgreiðslu á 4. dagskrárlið þessa fundar.

Varðandi dagskrárlið 3; Rekstraráætlun Sorpstöð 2020 - 1911021.
Rekstraráætlun fyrir árið 2020 lögð fram. Gert er ráð fyrir að tekjurnar verði 163,4 m.kr. og gjöld fyrir utan fjármagnsliði 158,4 m.kr. Gert er ráð fyrir handbært fé frá rekstri verði 36,2 m.kr. og að fjárfestingar verði 20 m.kr.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun, fyrir sitt leyti, og vísar henni til frekari úrvinnslu við gerð fjárhagsáætlunar Ásahrepps 2020.

- 1.6. 7. fundur stjórnar Húsakynna bs.
Vegna dagskrárliðar
Lögð fram tillaga að rekstraráætlun og framkvæmdaáætlun 2020 fyrir Húsakynni bs. Tillagan gerir ráð fyrir að framlög til rekstrar og fjárfestingar verði samtals 48.591.000 og skiptist þannig að Rangárþings ytra greiði 32.677.000 kr og Ásahreppur 15.914.000 kr. Hlutur Ásahrepps í fjárfestingu verði 13.100.000 kr. en rekstri 2.814.000 kr.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun, fyrir sitt leyti, og vísar henni til frekari úrvinnslu við gerð fjárhagsáætlunar Ásahrepps 2020.

- 1.7. 41. fundur stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu.
Varðandi dagskrárlið 4; Tillaga félagsmálastjóra um regluverk vegna dagforeldra á þjónustusvæði félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögu fyrir sitt leyti.
- 1.8. Fundur Oddvitaneftndar UTU, haldinn 30. október 2019, kl. 13:30.
Varðandi dagskrárlið 2; Staða á rekstri og fjárhagsáætlun 2020.
Fyrir liggur tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Kostnaður vegna reksturs Seyrustaða er kr. 10,4 millj, hreinsibifreiðar og kaupa verktaka vegna hreinsunar seyru kr. 35,3 millj. og fjárfestingar kr. 20. millj. sem er vegna lokafrágangs á aðstöðuhúsi og verkefna í tengslum við það. Þá er gert ráð fyrir nýjum lið sem er þjónustufulltrúi seyruverkefnisins sem yrði væntanlega hluti af rekstri hreinsibifreiðar. Gert er ráð fyrir kostnaði að fjárhæð kr. 11. millj. vegna hans.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fjárhagsáætlun 2020 fyrir sitt leyti.
- Varðandi dagskrárlið 3; Gjaldskrá Seyrustaða 2020.
Gjaldskrá 2019 er m.a. grundvöllur fyrir útreikningi á kostnaðarskiptingu sveitarfélaganna. Gerð var tillaga um að gjaldskrá hækki um 2,5% á milli ára auk breytinga vegna skiptingar á föstum kostnaði milli sveitarfélaganna.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir gjaldskrá 2020 fyrir sitt leyti.
- Varðandi dagskrárlið 4; Kostnaðarskipting.
Fyrir fundinum lá tillaga um að 5% af kostnaði við seyrustaði, hreinsibifreið og þjónustufulltrúa yrði fyrst skipt jafnt á milli aðilarveitarfélaganna sex og síðan í samræmi við gjaldskrá og samstarfssamning.
Samþykkt var að þessi aðferð við kostnaðarskiptingu yrði notuð við skiptingu kostnaðar vegna ársins 2019 og líka í forsendum gjaldskrár og fjárhagsáætlunar á árinu 2020. Samþykkt var jafnframt að hlutfall fasts kostnaðar á árinu 2020 yrði tekið til endurskoðunar á árinu 2020 eftir óskum sveitarfélaganna og eftir því sem forsendur vegna fasts kostnaðar myndi liggja betur fyrir.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti þetta fyrirkomulag við kostnaðarskiptingu fyrir rekstrarárið 2020.
- 1.9. Ársfundur UTU haldinn 30. október 2019, kl. 15:00.
Á fundinum voru fram lagðar tillögur að breytingum á samþykktum vísað til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga til samþykktar.
Lagðar fram endurskoðaðar samþykktir fyrir UTU byggðasamlag um sameiginlegt embætti Skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir Uppsveitir Árnessýslu, Flóahrepp og Ásahrepp.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti samþykktirnar með áorðnum breytingum sem fela í sér að umhverfis- og tæknisvið embættisins er lagt niður.
- 1.10. 70. fundur stjórnar byggðasamlagsins UTU.
Varðandi dagskrárlið 2; Fjárhagsáætlun.
Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun 2020 fyrir byggðasamlagið UTU.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun 2020.

- 1.11. 71. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu.
Varðandi dagskrárlíð 4; Tillaga að verklagi og reglum um akstursþjónustu fyrir aldraða.
Lögð fram drög að reglum og verklagi vegna mögulegrar akstursþjónustu aldraðra og málið rætt.
Hreppsnefnd Ásahrepps óskar eftir frekari skýringum varðandi einstök atriði og felur sveitarstjóra að leita frekari upplýsinga um þau atriði.
- 1.12. 15. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga.
Lögð fram fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Rangæinga fyrir rekstrarárið 2020.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun 2020 eins og hún liggur fyrir.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 14. fundur stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga.
2.2. Sameiginlegur fundur Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu.
2.3. Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu.
2.4. 68. fundur stjórnar UTU.
2.5. 69. fundur stjórnar UTU.
2.6. 2. verkfundur Saurbær – vinnsluhús.
2.7. 3. verkfundur Saurbær – vinnsluhús.
2.8. 4. verkfundur Saurbær – vinnsluhús.
2.9. Stjórnarfundur Bergisans bs. dags. 22. október 2019.
2.10. Aðalfundur Bergisans bs. dags. 23. október 2019.
2.11. Fundur faghóps sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál, dags. 4. júní 2019.
2.12. 77. fundur svæðisráðs vestursvæðis VJP.
2.13. 200. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
2.14. 286. fundur stjórnar SOS.
2.15. 287. fundur stjórnar SOS.
2.16. 549. fundur stjórnar SASS.
2.17. 550. fundur stjórnar SASS.
2.18. 875. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps 2019. (sendi út yfirlit á mánudag)

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps frá 16. nóvember 2019.

4. Ákvörðun um álagningu gjalda og gjaldskrár 2019.

- 4.1. Álagningarprósenta útsvars 2020
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta útsvars skuli vera óbreytt frá árinu 2019 eða 12,44%.
- 4.2. Álagningarhlutfall fasteignaskatts 2020
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta fasteignaskatts verði:
- A** 0,22% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
- B** 1,32% af fasteignamati sjúkrahúsanna skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

C 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.

Afsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 13. desember 2017.

Gjalddagar verða sex (6) talsins árið 2020, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí. Þar sem heildarupphæð er undir kr. 20.000 er einn gjalddagi, 1. apríl. eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfpósti.

Álagningarseðlar eru aðgengilegir á heimsíðunni www.island.is. Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt. Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfpósti gefst kostur á því og er bent á að hafa samband við skrifstofu hreppsins.

4.3. Gjaldskrá kaldvatnsveitu 2020.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vatnsgjald verði ákveðið í sérstakri gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.

4.4. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2020.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjald fyrir meðhöndlun úrgangs verði samkvæmt gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs fyrir sorphirðu og sorpeyðingu.

Sorpeyðingargjald af öllu húsnæði, þ.e. íbúðar-, frístunda- og atvinnuhúsnæði: 21.700 kr.

Sorphirðugjald af íbúðarhúsnæði:

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu ílát er **kr. 23.700** og inniheldur 240l blátunnu, 240l grátunnu, 240l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát.

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	14.220 kr.	4.740 kr.	4.740 kr.	4.740 kr.
660 l ílát	42.660 kr.	14.220 kr.	14.220 kr.	
120 l ílát				2.370 kr.

Tunna í tunnu ílát fyrir lífrænan úrgang er gjaldfrjáls.

Gjald fyrir heimsendan gám (flokkaður): 22.500

4.5. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar á Hellu, Laugalandi og Þykkvabæ.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjaldtaka vegna almennrar notkunar íþróttamiðstöðvanna fari eftir sameiginlegri gjaldskrá Rangárþing ytra og Ásahrepps.

4.6. Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa 2020.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að innheimta ekkert árlegt rotþróargjald. Kostnaður af tæmingu rotþróa verði greiddur úr sveitarsjóði.

- 4.7. Heimgreiðslur.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti endurskoðaðar reglur á 20. fundi hreppsnefndar þann 20. nóvember 2019. Eina breytingin sem átti sér stað er hækkun hámarksfjárhæðar, sem hækkar úr kr. 30.000 í kr. 80.000.
- 4.8. Íþrótt- og tómsundasstyrkur.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti endurskoðaðar reglur á 20. fundi hreppsnefndar þann 20. nóvember 2019. Eina breyting sem átti sér stað er hækkun hámarksfjárhæðar, sem hækkar úr kr. 55.000 í kr. 75.000.
- 4.9. Leikskólagjald.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að veittur verði 50% afsláttur af gjaldskrá Odda bs. árið 2020 fyrir börn á leikskóla og að áfram verði niðurgreidd vistun fyrir 5 ára börn 100%.
- 4.10. Mötuneytiskostnaður leik- og grunnskólabarna.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að greitt verði áfram 100% mötuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn. Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.

5. Drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps 2020-2023 (Fyrri umræða)


Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2020 – 2023. Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum drögum að fjárhagsáætlun og forsendum hennar. Umræður urðu um framlögð drög að fjárhagsáætlun og gert grein fyrir einstaka liðum áætlunarinnar. Fjárhagsáætlun Ásahrepps vísað til síðari umræðu og lokaafgreiðslu á sérstökum aukafundi í hreppsnefnd sem haldinn verður fimmtudaginn 5. desember 2019 klukkan 8:30.

6. Innsend bréf og erindi:

- 6.1. Tölvuskeyti oddvita Mýrdalshrepps, dags. 15. október 2019; mat á sameiningu sveitarfélaga.
Lagt fram tölvuskeyti frá Einari Frey Elínarsyni, oddvita Mýrdalshrepps, þar sem fram kemur eftirfarandi tillaga:
*“Mat á sameiningu sveitarfélaga: Lagt er til að unnin verði matsgerð á kostum og göllum sameiningar sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings Ytra, Rangárþings Eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.
Sé vilji fyrir hendi hjá öðrum sveitarfélögum samþykkir sveitarstjórn að skipuð verði samstarfsnefnd með þremur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi. Sótt verði um framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði við matsgerðina og tryggt verði að hún verði unnin faglega.”*

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti að taka þátt í verkefninu. Hreppsnefnd skipar Ásta B. Ólafsdóttir, Egill Sigurðsson og Valtýr Valtýsson sem fulltrúa Ásahrepps í samstarfsnefndinni.

- 6.2. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 21. október 2019; áreiðanleikakönnun.
Lagt fram bréf Lánasjóðs sveitarfélaga þar sem óskað er eftir afriti af gildum og viðurkenndum persónuskilríkum fyrir alla kjörna fulltrúa í hreppsnefnd, sveitarstjóra og annarra sem hafa prókúru fyrir sveitarfélagið.



Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að hver og einn útvegaði ljósrit af persónuskilríkum til sveitarstjóra sem myndi skila inn umbeðnum gögnum.

- 6.3. Tölvuskeyti Ástu B. Ólafsdóttur og Gísla Sveinssonar, dags. 14. nóvember 2019; Umsókn um stofnun lögbýlis ásamt greinargerð um búrekstrarskilyrði. Lagt fram tölvuskeyti Ástu B. Ólafsdóttur og Gísla Sveinssonar þar sem sótt er um stofnun lögbýlis á jörðinni Ási III. Jafnframt er lögð fram greinargerð um búrekstrarskilyrði sem unnin hefur verið af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti stofnun lögbýlis úr jörðinni Ási III, nefnt Ás III.2 og Ás III.4.
- 6.4. Bréf Ungmennafélagsins Heklu, dags. 14. október 2019; ósk um styrk vegna fimleikastarfs barna í Rangárvallasýslu. Lagt fram bréf Ungmennafélagsins Heklu þar sem óskað er eftir styrk vegna fimleikastarfs barna í Rangárvallasýslu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gerður verði samningur um árlegan styrk til félagsins til að sinna fimleikastarfinu. Jafnframt er bent á að tómstundastyrkur sveitarfélagsins getur nýst til að greiða hluta kostnaðar þátttakenda vegna æfingargjalda. Sveitarstjóra falið að útfæra samning í samstarfi við UMF Heklu og hann verði lagður fram til staðfestingar hjá hreppsnefnd.
- 6.5. Bréf Kvenfélagsins Einingar, dags. 7. nóvember 2019; styrkbeiðni vegna aðventuhátíðar að Laugalandi. Lagt fram bréf Kvenfélagsins Einingar þar sem óskað er eftir að fá frí afnot af Laugalandi vegna aðventuhátíðar sem fram fer 1. desember n.k. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir þá beiðni samhljóða fyrir sitt leyti. Jafnframt er óskað eftir fjárstyrk að upphæð kr. 30.000 vegna útlagðs kostnaðar við auglýsingar og fleira. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að veita umbeðinn fjárstyrk til verkefnisins (fjórir samþykkja ÁBÓ, GG, EG og ES en einn á móti BJJ).
- 6.6. Tölvuskeyti kirkjukórs Kálfholtskirkju, dags. 17. nóvember 2019; styrkumsókn vegna hljóðfærakaupa. Lagt fram tölvuskeyti kirkjukórs Kálfholtskirkju þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð kr. 250.000 til hljóðfærakaupa. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 250.000.
- 6.7. Þjónustusamningar, annars vegar Ásaljóss og hins vegar Ásahrepps, við KPMG vegna þjónustuverkefna við færslu bókhalds. Lagðir fram þjónustusamningar milli KPMG og Ásaljóss annars vegar og Ásahrepps hins vegar vegna þjónustu við færslu bókhalds. Um er að ræða endurnýjun fyrri samninga og eru þeir fram settir á sömu forsendum og áður. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fram lagða þjónustusamninga og felur sveitarstjóra að undirrita þá fyrir hönd hreppsnefndar Ásahrepps.

7. Bréf og erindi til kynningar:


- 7.1. Arsreikningur Hestamannafélagsins Geysis 2018 ásamt upplýsingum um þátttöku barna á námskeiðum félagsins m.m.
- 7.2. Gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands ásamt fjárhagsáætlun 2020.


- 7.3. Bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 4. nóvember 2019; leiðbeiningar vegna skólaaksturs.
- 7.4. Umræða um stöðu mála við endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps.


Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:10.



Ásta B. Ólafsdóttir


Guðmundur Gíslason


Brynja J. Jónasdóttir


Elín Grétarsdóttir


Egill Sigurðsson


Valtýr Valtýsson